

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

*Rangárstígur, breyting á deiliskipulagi.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 14. febrúar 2024 tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Rangárstíg úr landi Ægissíðu 2. Breytingin gerir ráð fyrir að rekstur gistingar til útleigu í flokki II skv. reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 1277/2016 verði heimill í sumarhúsum félagsins á svæðinu. Aðkoma að svæðinu er af Þykkvabæjarvegi.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og eldra deiliskipulag fellur samhliða úr gildi.

*Hellu, 17. apríl 2024.*

F.h. Rangárþings ytra,

**Birgir Haraldsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 3. maí 2024